

Til handhafa útboðsgagna nr. 15425 - Grassláttur knattspyrnuvalla ÍTR.

Málefni: Viðauki 1 við ofangreind útboðsgögn.

Eftirfarandi fyrirspurn hefur borist og er svar ÍTR birt hér fyrir neðan.

Fyrirspurn 1:

Víða um heim eru sláttu vélmenni (sláttu-róbot) að slá fótboltavelli og við teljum klárlega að það ætti að vera þróunin hér á landi. Við mælum með að hægt verði að bjóða í sláttinn með slíkum vélum og tækni en með því væri hægt að ná betri slætti, örari og margfalt ódýrari. Hægt er að vera með marga róbóta að slá, stilla sláttuhæð og sláttu tíma innan sólarhrings. Flöturinn væri alltaf nýsleginn og fallegur. Engin stór og þung tæki sem fara um völlinn. Fyrirspurning snýr að því hvers vegna er ekki gert ráð fyrir því að hægt sé að bjóða upp á slík tæki í þessu útboði?

Svar 1:

Kaupandi er upplýstur um þróun slátturóbóta til notkunar á knattspyrnu- og golfvöllum. Taka ber tillit til að víða eru aðstæður erfiðar á völlum, m.a. ekki aðgengi að rafmagni fyrir hleðslustöðvar og erfitt að finna heppilega staðsetningu fyrir hleðslustöð. Fæstir vellir eru læstir/lokaðir eða vaktaðir um kvöld/nætur sem eykur hættu á skemmdarverkum og þjófnaði.

Í þessu verkefni er um að ræða 17 velli og samanlögð stærð þeirra er um 16 ha. Miðað við þessa stærð gæti fjöldi róbóta verið um 48-64 stk. eða 3-4 stk. pr.ha. (upplýsingar fengnar frá golfklúbbum sem nota slátturóbóta).

Notkun slátturóbóta kallar á töluvert eftirlit hjá starfsmönnum valla, t.d. flutningur á mörkum, yfirferð og hreinsun valla að loknum kvöldæfingum (fatnaður, rusl o.fl.). Slíkt eftirlit er ekki til staðar á öllum völlum. Vinna róbóta að kvöldi/nóttu getur skarast á við aðra vinnu innan vallar, m.a. vökvun.

Gerð er krafa um að sláttutæki geti myndað strípur á aðalvöllum og einnig innan merktra æfingavalla. Slátturóbótar hafa ekki búnað til að mynda rákir í grasið.

Það er mat verkkaupa, að teknu tilliti til ofangreindra atriða, að slátturóbótar henti ekki miðað við núverandi aðstæður en gera má ráð fyrir að það geti breyst á næstu árum

Vinsamlega athugið að viðauki þessi er hluti framangreindra gagna.